

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

3. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2018, föstudaginn 10. ágúst. kl.8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Elín Gylfadóttir, í forföllum Guðbjargar Bergmundsdóttur, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Nefndir og ráð Súðavíkurhrepps - seinni umræða.
3. Breytingar á samþykktum sveitarstjórnar um fundarsköp – tillaga frá Samúel Kristjánssyni – seinni umræða.
4. Valkostagreining og kostnaðarmat kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri – greinargerð Vegagerðarinnar.
5. Djúpvegur 61: Leiti - Eyri, umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni.
6. Haf og strandsvæðaskipulag - fulltrúi í svæðisráði.
7. Orkustofnun - beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.
8. Bláberjadagar 16. – 19. ágúst.
9. Blómsturvellir – forkaupsréttur.
10. 108. stjórnarfundur NAVE.
11. Áskorun frá íbúum vegna lausagöngu sauðfjár í Súðavík.
12. Önnur mál.
 - a. Fyrirspurnir frá Samúel Kristjánssyni.
 - b. Fyrirspurnir frá Karli Guðmundi Kjartssyni.

1. Sveitarstjóri gerir grein fyrir helstu verkefnum.
2. Framhald af fyrri umræðu sveitarstjórnar um breytta sviðsmynd nefnda og ráða Súðavíkurhrepps.

Seinni umræða.

Breytingar á samþykktum Súðavíkurhrepps á skipan í nefndir og ráð samkvæmt 47. gr. samþykktu er sem hér segir;

Stjórnskipan, eftirlits og fjármálanefnd

- Steinn Ingi Kjartansson
- Sigurdís Samúelsdóttir
- Barði Ingibjartsson
- Salvar Baldursson
- Ane Berit Vikse

Til vara:

Anna Lind Ragnarsdóttir
Valgeir Scott

Skipulags, byggingar, umhverfis og samöngunefnd.

- Samúel Kristjánsson
- Valgeir Scott
- Hulda Gunnarsdóttir
- Anna Lind Ragnarsdóttir
- Þorbergur Kjartansson

Til vara:

Birgir Ragnarsson
Yordan Yordanov

Fræðslu, tómstundar, menningar og kynningarnefnd.

- Elsa Borgarsdóttir
- Oddný Bergsdóttir
- Stella Guðmundsdóttir
- Elín Birna Gylfadóttir
- Örn Elías Guðmunsson

Til vara:

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson
Rúna Esradóttir

Atvinnu og landbúnaðarnefnd.

- Karl Guðmundur Kjartansson
- Jóhanna Kristjánsdóttir
- Stephen Midgley
- Arthúr Rúnar Guðmundsson
- Jónas Skúlason

Til vara:

Jónas Jónbjörnsson

Ane Berit Vikse

Velferðarnefnd.

- Guðbjörg Bergmundsdóttir
- Ásgeir Hólm Agnarsson
- Lilja Ósk Þórisdóttir
- Birgir Ragnarsson
- Ragnheiður Baldursdóttir

Til vara:

Ingibjörg Ásdís Björnsdóttir
Barði Ingibjartsson

Yfirkjörstjórn.

Aðalmenn: Steinn I. Kjartansson, Lilja Ósk Þórisdóttir, Kristján Kristjánsson
Varamenn: Salbjörg Sigurðardóttir, Jónas Skúlason

Súðavíkurkjörstjórn.

Aðalmenn: Hulda Gunnarsdóttir, Jónína M. Guðmundsdóttir, Birgir Ragnarsson

Varamenn: Karl G. Kjartansson, Ingibjörg Ásdís Björnsdóttir

Reykjaneskjörstjórn.

Aðalmenn: Stella Guðmundsdóttir, Jakob Jakobsson, Jóhanna Kristjánsd.

Varamenn: Aðalsteinn Valdimarsson, Stefán Sigmundsson

Fulltrúi Súðavíkurhrepps í sameiginlegri almannavarnanefnd: sveitarstjóri, Pétur G. Markan,

Fulltrúi Súðavíkurhrepps í stjórn Byggðasafns Vestfjarða: sveitarstjóri, Pétur G. Markan

Fulltrúar Súðavíkurhrepps í sameiginlegri barnaverndarnefnd: Lilja Kjartansdóttir – til vara: Barði Ingibjartsson.

Samþykkt samhljóða.

3. Breytingar á samþykktum sveitarstjórnar um fundarsköp. Seinni umræða. Lagt er til að 9. gr. - 1. málsgrein: breytist og verði sem hér segir: Sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfund í samráði við oddvita sveitarstjórnar. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en sjö sólarhringum fyrir fund.

Samþykkt samhljóða.

Einnig samþykkir sveitarstjórn að óformlegur liður, önnur mál, verði á dagskrá sveitarstjórnar við hvern reglulegan fund.

4. Valkostagreining vegna fyrirhugaðrar kalkpörungaverksmiðju. Hér kemur Jóhann Birkir Helgason, byggingarfulltrúi, til fundarins,

Vegagerðin lagði fram minnisblað / valkostagreiningu, kostnaðar og framkvæmdaáætlun á fyrsta fundi sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju innan við Langeyri. Vinnan var unnin samkvæmt beiðni sveitarstjóra, í umboði sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Þar voru þrír valkostir tilgreindir. Sveitarstjórn ákvað á þeim fundi að kanna betur 4. valkostinn, sem væri innar í firðinum.

Lagt er fram minnisblað Vegagerðarinnar þar sem 4 valkosturinn er settur fram. Sú staðsetning er innar en hinir þrír. Einnig er lagt fram samantekt byggingarfulltrúa á þessum fjórum valkostum.

Byggingarfulltrúi fer yfir samantektina.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hittast á aukafundi, að undangenginni vettvangsferð, til að ákveða valkost.

5. Jóhann Birkir, byggingarfulltrúar, fer yfir framkvæmabeiðni Vegagerðarinnar.

Vegagerðin áformar að endurbyggja og nýbyggja Djúpveg, vegnúmer 61, milli Leitis í Hestfirði og Eyrar í Seyðisfirði. Fyrirhuguð framkvæmd er 7 km löng og liggur um land Eiðis í Hestfirði, og lönd Kleifa og Uppsala í Seyðisfirði.

Verkið felst í endurbyggingu núverandi vegar og nýbyggingar hans á köflum, endurnýjun ræsa ásamt lögn bundins slitlags. Þá verður áningarstaður í botni Seyðisfjarðar endurbyggður og lagður bundu slitlagi.

Sveitarstjórn fagnar framkvæmdinni.

Sveitarstjórn minnir á mikilvægi þess að vera í góðu samkomulagi við landeigendur við framkvæmdina.

Framkvæmdaleyfið samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að útbúa framkvæmdaleyfi.

6. Á síðustu dögum síðasta þings var samþykkt frumvarp um haf og strandsvæðaskipulag. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 8 manna svæðisráði.

Samkvæmt bráðabrigðaákvæði frumvarpsins skal þann 1. september n.k. vera hafinn vinna að gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum, á svæði sem nær frá Bjargtöngum að Straumnesi.

Aðliggjandi sveitarfélög að fyrirhuguðu strandsvæðaskipulagi eru Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð. Umhverfisráðherra skipar samkvæmt 2. mgr 5. gr, átta manna svæðisráð til að annast gerð strandsvæðaskipulags, þar af koma þrír fulltrúar aðliggjandi sveitarfélaga og einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skipulagsstofnun fer með framkvæmd skipulagsvinnu í umboði svæðisráðs.

Sveitarfélögin við Djúp þurfa því að koma sér saman um fulltrúa í svæðisráðinu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að finna fulltrúa í samvinnu við framkvæmdastjóra sveitarfélagana við Djúp.

Samþykkt samhljóða.

7. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til málsins að svo stöddu.
8. Sveitarstjóri kynnir útgefna dagskrá Bláberjadaga, sem verða frá fimmtudeginum 16. ágúst – sunnudagsins 19. ágúst.
9. Í bréfi, dagsett 5. júlí 2018, undirritað af Baldri Daníelssyni, er tilkynnt að Blómsturvellir séu brátt til sölu og jafnframt tilkynnt að Súðavíkurreppur hafi forkaupsrétt.

Lagt fram til kynningar.

10. Lagt fram til kynningar.
11. Undirskriftarlisti frá íbúum lagður fram. Þar er krafist að sveitarfélagið geri úrbætur á girðingum sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina varðandi mögulega tilfærslu á risthliði og þorpsgirðingu á fyrri stað. Einnig er sveitarstjóra falið að ræða við Vegagerðina að girða meðfram veginum að Súðavík. Óskað er eftir formlegu svari frá Vegagerðinni.

Sveitarstjóri, ásamt starfsfólki sveitarfélagsins hefur unnið að tillögu sem myndi gera þorpið fjárhelt að nýju. Girt yrði frá þeim stað þar sem hlið Hlíðar og Súðavíkurrepps mætast, í einni beinni línu við Súðavík, inn að Dvergasteinsgirðingu. Sveitarstjóri fundaði með fulltrúa Dvergasteins í lok júlí til að ræða þennan möguleika.

Sveitarstjóra falið að senda bréf á landeigendur Hlíðar og Dvergasteins og gera grein fyrir málinu.

12.
 - a. Samúel Kristjánsson óskar eftir að ræða eftirfarandi mál: (óyfirlesið)
 1. Grafa skurð fyrir ofan tjaldstaðið inní Traðagilslækinn til að varna flóðum niður í milli Samkomuhússins og Traðar 1.eins og skeði í hittifyrri og nú síðastinliðin vetur og fjármögnun verði til lækkunar af handbæru fé sveitasjóðs.
Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
 2. Klára útrásina fyrir neðan Grund og milli aðalgötu 16.og 14.Fjármögnun verði til lækkunar af handbæru fé sveitasjóðs enda skuldar sveitasjóðður fráveitunni peninga samkvæmt síðasta ársreikningi
Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
 3. Setja í framkvæmd vinnu við kostnaðaráætlun á götunum í Gamlaþorpinu til að það verði hægt að leggja nýttslitlag á þær helst næsta sumar.
Vísað til fjárhagsáætlunar.
 4. Gangsléttirnar við aðalgötu þarf að lagfæra sérstaga innkeyrslur fyrir neðan Samkomuhúsið.
Sveitarstjóra falið að senda bréf á Vegagerðina.
 5. Ruslapanið þarf að mínu mati þarf að koma því i nútímalegt horf þetta þarf að ræða.

Vísað til umhverfisnefndar.

6. Þorpsgirðinginuna þarf að laga, ef vilji er til að útiloka lausagöngu búfjár hér í þorpinu okkar.
Sjá fyrri afgreiðslu.
7. Afnema fundarþóknun sveitastjóra sem fer fram á hans vinnutíma.
Fundarþóknum er ekki til staðar.
8. Auglýsa lausar lóðir í þorpinu sem eru tilbúnar til byggingarframkvæmdar.
Sett inn í vinnu nýrrar heimasíðu.
9. Taka til í heimasíðu Sveitafélagsins.
Ný heimasíða er í smíðum, eins og kom fram á síðasta fundi.
10. Fundarþóknun sveitasjórnamanna og annara nemdarfulltrúa.
Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu.

- b. Karl Guðmundur óskar eftir að ræða eftirfarandi mál: (óyfirlesið)

Viðhald hafnarinnar t.d dekkinn það er fríholtið á öllum bryggjunum sérstaklega löndunarbryggjunni eru að hrynja af. Einnig þarf að koma vigtunarmálum á höfninni í nútímalegt horf með nettengingu.

Sveitarstjóra falið að gera úttekt á dekkjumálum hafnarinnar. Sveitarstjóri upplýsir að vigtunarskúrin verði netvæddur næsta sumar.

Vísað til samgöngunefndar.

- c. Elsa Borgarsdóttir bókar eftirfarandi: Ganga þarf sem fyrst til samninga við eigendur Sauralands vegna afnota af landi vegna vatnsverndarsvæðis Súðavíkur. Pappírar voru lagðir fram máli mínu til stuðnings og lögð áhersla á að þetta verði frágengið áður en aðalskipulag verður auglýst.
Elsa Borgarsdóttir kemur fram með ábendingar um að sjúkraselið þurfi að vera betur útbúið, ef lokast á milli, með vísan í fyrri viðræður sveitarfélagsins við sjúkrahúsið um málefni varðandi fyrstu hjálp.
- d. Erindi frá Önnu Lind Ragnarsdóttur varðandi mötuneytismál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:33

Elín Gylfadóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Samúel Kristjánsson

Elsa Borgarsdóttir

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

